

Aðalfundur 15. febrúar 2010.

Ársskýrsla knattspyrnudeildar FH 2009

Skýrsla Formanns.

Góðir félagar,

Það er ekki mörgu við að bæta frá síðustu skýrslu formanns, Íslandsmeistarartitlar í karla- og kvenna- flokkum, bikarmeistarartitlar ásamt ýmsum öðrum titlum sem unnust í mótum hér og þar. Við knattspyrnumenn í FH erum á toppi íslenskrar knattspyrnu og þar ætlum við okkur að vera. Ég ætla ekki að fjölyrða um einstök afrek hvers flokks, það eru allir sigurvegarar hjá okkur bæði innan sem utan vallar. Ég hef marg oft fjallað um hve vel okkar fólk kemur fyrir utan vallar og hve mikill félagslegur þroski er innan okkar raða. Þetta hefur svo berlega komið í ljós nú undanfarna daga þegar sorglegir atburðir hafa knúið dyra hjá okkur. Samhugur og styrkur okkar er mikill.

Ég vil þakka öllu því góða fólki sem starfar innan knattspyrnudeildar FH, iðkendum, foreldrum og stjórnarmönnum. Ég vil hvetja okkur öll til góðra verka á komandi keppnistímabili, við verðum að halda vöku okkar svo við getum haldið áfram að bæta það góða starf sem unnið er hjá okkur í knattspyrnudeild FH.

Áfram FH
Jón Rúnar Halldórsson
Formaður

Einstakur árangur hjá unglíngastarfi FH.

Unglíngastarf FH er gríðarlega umfangsmikið um þessar mundir og hefur líklega aldrei verið meira. Á síðastliðnu ári eru iðkendur í yngri flokkum FH tæplega sjö hundruð og gefur það auga leið að starfið í kringum slíkan fjölda er geysilega mikið. Til þess að allt gangi upp þurfa allir að leggja á eitt og hvet ég foreldra til að taka virkan þátt í starfinu.

Hjá yngri flokkum félagsins voru starfandi 33 þjálfarar og aðstoðarþjálfarar sem störfuðu undir stjórn Ingvars Jónssonar yfirþjálfara. Því til viðbótar voru um 20 manns sem komu að dómgæslu í heimaleikjum FH og hefur Steinar Stephensen átt heiðurinn að því að skipuleggja það starf.

Á árinu hafa unnist margir titlar og mót, nánast í öllum flokkum bæði hjá stelpum og strákuum.

Held ég að þetta sé einsdæmi hjá félagi að ná slíkum árangri.

Enn nú er tekið við nýtt ár með nýjum keppnum og verkefnum til að takast á við.

Uppskeruhátíðin var að venju haldin í september og hefur hún aldrei verið fjölmennari en hátt í 1600 manns mættu til hennar, bæði börn og foreldrar. Að venju voru þar veittar viðurkenningar fyrir hin ýmsu afrek og allir iðkendur fengu viðurkenningu frá FH.

Knattspyrnu- og boltaskóli FH var starfræktur síðasta sumar og kom Velferðarsjóður barna að honum núna, og voru iðkendur á þriðja hundrað. Þáttökugjaldið í skólanum var haldið í lágmarki og er þar að þakka Velferðasjóði barna sem studdi myndarlega við bakið á skólanum. Nýjung var tekin upp í skólanum núna og var boðið upp á léttan hádegisverð, og mæltist það mjög vel. Einnig vil ég geta þáttöku Alcan í barnaunglíngastarfinu en þeir eru aðalstyrktaraðilar starfsins. Það er ómetanlegt fyrir FH að eiga slík fyrirtæki að.

Flestir þjálfarar voru endurráðnir hjá félaginu, reyndar með smá hrókeringum, og teljum við okkur vera afskaplega vel mönnum og stolt að geta telft fram slíkum þjálfarahóp, þar sem allir þjálfarar eru með menntun í barna- og unglingsþjálfun.

Einnig urðu breytingar á barna og unglingsráði, Katrín Alfreðs yfirgaf okkur eftir 10 ára óeigingjarnt starf og færur við henni bestu þakkir. Tveir meðlimir bættust í hópinn, þeir Benedikt Gunnar Ívarsson og Jón Gauti Jónsson og hafa þeir komið sterkir inn í starfið.

Tölvuforritið (sideline) sem við höfum verið að skoða undanfarið ár er komið í gagnið og kemur til með að halda skrá um hvern iðkenda, hvaða þjálfun hann/hún hlýtur, leikjafjölda, og svo framvegis.

Þegar starfið fór aftur í gang nú í vetur þá varð töluverð aukning á iðkendum og eru það bara góð tíðindi.

Maður getur ekki annað en verið bjartsýnn á framtíðina með alla þessa áhugasömu iðkendur sem stunda æfingar af þvítíkum krafti og áhuga.

f/h unglingsráðs
Gísli Björgvinsson

Alcan, aðalstyrktaraðili barna- og unglingsstarfs í Hafnarfirði.
Landsbankinn styrktaraðili barna- og unglingsráðs FH

Rekstrarstjórn kvenna; Yfirlit yfir árið 2009.

Sett markmið fyrir meistaraflokk kvenna og 2.flokk kvenna 2009 voru:

- **Meistaraflokkur kvenna; að verða í 1-3. sæti í fyrstu deildinni 2009**

Niðurstaðan varð 2. sætið í deildinni og þar með vann flokkurinn sig upp í úrvalsdeildina 2010. Í raun áttum við von á 3-4 sæti og úrvaldeildarsæti 2011 þar sem að liðið veiktist mikið eftir að markmiðin voru sett, þegar við misstum 3. lykilleikmenn út stærsta hluta sumarsins. Frábær árangur í ljósi þessa.

- **2-flokkur kvenna; að verða í 1-3. sæti í A riðli og í bikar**

Niðurstaðan varð 4. sætið í A-riðli og bikarmeistari 2009. Mjög góður árangur í ljósi þess að við gátum svo að segja aldrei stillt upp sterkasta liðinu þar sem að mjög margir yngri leikmenn voru lykilleikmenn í meistaraflokki vegna smæðar hans.

Sex leikmenn voru valdi til æfinga/keppni með landsliðshópum 2009.

Almennt má segja að flest markmið meistaraflokkráðs kvenna með tilliti til rekstrar og annara verkefna hafi náðst. Umfang starfsins hefur aukist mikið á stuttum tíma þar sem iðkendum hefur fjölgað hratt og öll umgjörð verið bætt og í raun byggð upp frá grunni á 3. árum. Hér á eftir fer stutt samantekt á árinu:

- Rekstrarniðurstaða. Tekjur 2009 voru töluvert undir áætlun en kostnaður nálægt að vera á áætlun, og varð því halli á rekstinum. Auka fjárveiting frá KDFH var veitt vegna þess að kostnaður við ferðalög reyndist mun meiri en áætlanir gerðu ráð fyrir t.d. vegna

úrslitakeppni. Í raun kostaði það 700.000 að ná sæti í úrvalsdeildinni 2010. Tekjur voru undir áætlun vegna þess að ekki gekk eftir að fullu að fara í átak með að fjölga styrktaraðilum meðal fyrirtækja. Gerðir voru samningar við 3. Fyrirtæki. Jafnvægi er á rekstinum og engar skuldir útistandandi utan yfirdráttarheimildar.

- Umgjörð

- Æfingaraðstaða/keppnisaðstaða; Var heilt yfir mjög góð. Betri æfingartímar á góðum völlum og aðhengi að stórum upphituðum innivelli yfir vetrarmánuðina.

- Búningar; Gæði búninga góð en voru afhentir alltof seint bæði til keppnismanna og þjálfara. Allir leikmenn fengu upphitunargalla, stuttbuxur, sokka og skó, auk þess var keypt inní keppnistreyjurnar. Afhendingartími hefur verið viðvarandi vandamál.

- Samningar; Gerðir samningur við alla leikmenn meistara- og 2. flokks og tvo leikmenn 3 flokks. Virkir leikmenn voru 25 þar af 19 úr 2. – og 3. flokki.

- Þjálfun; Öll þjálfun mjög góð, aðalþjálfun markmannsþjálfun og hlaupaþjálfun. Fengum ráðgjöf frá næringar- og sálfræðing. Gestaþjálfarar annað slagið. Samningar við þjálfara framlengdir.

- Leikir; Boðið upp á te og rist “heima” fyrir alla leiki hjá meistaraflokki kvenna og fyrir úrslitaleiki í bikar hjá 2. flokki. Boðið upp á hressingu fyrir lið og gestalið eftir heimaleiki meistaraflokks. Rekin sjoppa á öllum heimaleikjum meistaraflokks. Liðstjóri og sjúkraþjálfari á öllum leikjum meistaraflokks.

- Félagsmál; Haldnir voru 3. stórir fundir með leikmönnum á árinu (vetrarfundur,vorfundur,haustfundur) og þar af var einn líka fyrir aðstandendur/stuðningsmenn. Keppnisferð til Akureyrar/Húsavíkur þótti takast mjög vel upp en öll umgjörð var hugsuð sem “pepp” fyrir liðið. Þátttaka leikmanna í stefnumörkunarvinnu hefur gefið mjög góða raun.
- Hvatning og umbun; Haldið kvennakvöld til styrktar stelpunum – ágóði fór í óvissuferð sem þær skipulögðu sjálfar (kom í stað æfingarferðar erlendis). Boðið upp á kvöldverði og skemmtun í tengslum við fundi. Boðið upp veislu til að halda upp á úrvalsdeildarsætið. Skipulögð skemmtun fyrir allt liðið til að halda upp á árangur ársins. FH – leikmaður hvers heimaleiks valinn og verðlaunaður.
- Markaðssetning; Leikir auglýstir í blöðum og gefin út leikskrá fyrir hvern leik. Auglýsingapóstur sendur á stuðningmannahóp. Flestir leikmenn kynntir í blöðum. Þjálfarar kynntir í blöðum og netmiðlum. Nýjir A-leikmenn kynntir í blöðum og netmiðlum. Skrifuð grein í tilefni af úrvalsdeildarsæti.
- Annað; 3. flokki boðið upp á te og rist “heima” fyrir úrslitaleik í bikar.

Rekstrarstjórn kvenna 2009

Helga Friðriksdóttir formaður
Margrét Jóhannsdóttir gjaldkeri
Árni Guðmundsson
Bjarni Þór Gunnlaugsson
Guðmundur Kristjánsson
Guðrún Þorkelsdóttir
Jóhannes Ævarsson
Margrét Brandsdóttir

Aðalfundur KDFH 15. febrúar 2010.

Ársskýrsla knattspyrnudeildar FH árið 2009.

Rekstrarstjórn: Í rekstrarstjórn meistara- og 2. flokks karla voru:
Jón Rúnar Halldórsson, Pétur Ó. Stephensen, Lúðvík Arnarson.

Unglingaráð: Í unglingaráði voru á árinu 2009: Gísli Björgvinsson
formaður, S. Unnur Vilhjálmsdóttir, Benedikt Gunnar Ívarsson, Jón Gauti
Jónsson, Katrín Alfreðsdóttir.

Kvennaráð: Í kvennaráði meistara- og 2 flokks kvenna voru á árinu 2009:
Helga Friðriksdóttir formaður, Bjarni Þór Gunnlaugsson, Margrét
Jóhannsdóttir, Jóhannes Þór Ævarsson, Guðrún Þorkeldsdóttir,
Guðmundur Kristjánsson, Margrét Brandsdóttir, Árni Guðmundsson

Stjórn og starfsemi:

Stjórn knattspyrnudeildar, sem kjörinn var á síðasta aðalfundi, var skipuð
eftirtöldum:

Jón Rúnar Halldórsson, formaður
Lúðvík Arnarson, varaformaður
Pétur Ó. Stephensen, gjaldkeri
Kristinn Jóhannsson, ritari
Steinar Stephensen

Guðmundur Árni Stefánsson
Gísli Björgvinsson
Helga Friðriksdóttir
Sigþór Árnason

Skrifstofa knattspyrnudeildar sími: 5553834

Fax: 5684222/5553840

Framkvæmdastjóri: Pétur Ó. Stephensen sími: 8940040

